

Reykjavík 10. Júlí 2012

Greinargerð um athugasemd er barst Umhverfisstofnun við auglýsta starfsleyfistillögu fyrir Sorpsamlag Strandasýslu.

Inngangur

Að fenginni umsókn Sorpsamlags Strandasýslu um starfsleyfi fyrir urðunarstað í landi Skeljavíkur, vann Umhverfisstofnun starfsleyfi fyrir staðinn. Tillagan var auglýst á tímabilinu 10. maí – 4. Júlí 2012 og barst ein athugasemd við hana, frá Sævari Benediktssyni, Borgarbraut 17, Hól mavík.

Athugasemd

Í athugasemdinni koma fram mótmæli við núverandi staðsetningu urðunarstaðarins og þau mótmæli rökstudd. Einnig er sett fram tillaga að nýrri staðsetningu fyrir urðunarstað.

Eftirfarandi rök eru færð fyrir mótmælum:

1. Urðunarstaðurinn stendur hátt og er í góðu sjónmáli frá aðalveginum á meira en kílometers kafla, það fyrsta sem men sjá sem koma til Hól mavík að sunnan.
2. Vegurinn upp að Þiðriksvallavatni sem er náttúruperla liggur rétt meðfram urðunarstaðnum og á hlýjum dögum finnst oft leiðindalykt þar.
3. Urðunarstaðurinn er mjög nálægt laxveiðiánni, Víðidalsá, og getur því augljóslega mengað ána.
4. Núverandi urðunarstaður er á litlu svæði og er óskiljanlegt að þetta magn af úrgangi sem talað er um, allt að 500 tonnum, geti rúmast þar með góðu móti og á umhverfisvænan hátt.

Afstaða Umhverfisstofnunar

Gerðar eru athugasemdir við staðsetningu urðunarstaðarins í landi Skeljavíkur. Staðsetning urðunarstaðrins kemur fram í gildandi deiliskipulagi Strandabyggðar, staðfestu af sveitarstjórn Strandabyggðar 21. júní 2011 og bárust engar athugasemdir á kynningartíma deiliskipulagsins. Ofangreind athugasemd snýr að staðsetningu urðunarstaðar og hefði þar af leiðandi þurft að koma fram

á auglýsingatíma deiliskipulags. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn með hliðsjón að staðfestu deiliskipulagi.

Í deiliskipulagi kemur fram að gerðar verða 2-3 m háar manir umhverfis svæðið sem munu draga úr ásýnd frá veginum, einnig kemur fram í starfsleyfis umsókn að aukin flokkun er á úrgangi á svæðinu og því mun væntanlega draga úr magni lyktarmikils úrgangs sem berst til urðunar.

Í grein 4.3 í starfsleyfistillögu er kveðið á um að urðunarreinar skuli birgðar samdægurs með þekjuefni með það fyrir augum m.a. að draga úr lyktarmengun frá svæðinu.

Hvað liði 3-4 varðar þá sendi Sorpsamlag Strandasýslu inn gögn frá Náttúrustofu Vestfjarða og Helbrigðiseftirliti Vestfjarða með starfsleyfisumsókn en þar kemur m.a. fram að umhverfisáhrif af rekstri urðunarstaðarins séu metin hverfandi.

Að endingu vill Umhverfisstofnun benda á að reglubundnar eftirlitsferðir verða farnar einu sinni á ári til að ganga úr skugga um að urðunarstaðurinn fari að ákvæðum starfsleyfisins og þeirri löggjöf sem um starfsemina gildir. Því til viðbótar tekur stofnunin alvarlega allar ábendingar og athugasemdir sem berast frá almenningi og kannar þær til hlítar. Verði mengun frá urðunarstaðnum meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins mun Umhverfisstofnun taka á þeirri stöðu í samstarfi við Sorpsamlag Strandasýslu, í samræmi við gr. 1.9 í auglýstri starfsleyfistillögu.